

Ég býð ykkur öll velkominn á haustþing SSNV sem að þessu sinni er haldið á Teams.

Ástæða þess að stjórnin ákvað að boða til haustþings á Teams er sú að við vorum öll sammála um að einfalda aðeins umgjörðina og spara um leið ákveðin tíma sem haustþingin hafa tekið frá meðal annars kjörnum fulltrúum, en við höfum heyrt frá kjörnum fulltrúum að þeim finnist sýnum tíma ekki reglulega vel varið í að eyða svona oft heilum degi í þessi þinghöld og missa um leið dag úr sinni föstu vinnu. Það er því ekkert sem segir að þetta eigi að vera svona fyrirkomulag um aldur og ævi heldur verður það val stjórnar hverju sinni hvaða leið hún velur, og þar getur ýmislegt haft áhrif. Samhliða þessari breytingu núna er hugmyndin að efla Ársþingin samtakanna á næsta ári og breyta fyrirkomulagi þess þannig að það byrji kannski eftir hádegi og endi þá með sameiginlegum kvöldverði. Með þessu móti vonumst við til að kjörnir fulltrúar hafi betri tíma til að vera á þingunum og að þau verði ennþá skarpari um þau verkefni sem við þurfum sem hagsmunasamtök landshlutans að huga að hverju sinni. Það getur líka verið gott að breyta aðeins til og sjá svo til hvers það leiðir en þing samtakanna hafa síður en svo alltaf verið með því fyrirkomulagi sem verið hefur síðustu ár.

Eins og þið hafið séð úr fundargerðum stjórnar þá eru mörg mál að fara þar í gegn og sem stendur erum við með ýmis járn í eldinum ef svo má segja. Ég ætla samt ekki að fara í gegnum allt það sem í gangi er, en mig langar að nefna nokkur atriði sem við erum með í gangi en öll eru þau í raun spegilmynd þess að við höfum áhyggjur af stöðu landshlutans í samkeppninni um fólkfjölgun, lífgæði og hagvöxt.

Á fundi okkar fyrir stuttu fórum við yfir nýútkomna skýrslu Bygðastofnunnar um þróun ríkisstarfa á Íslandi.

Megin niðurstöður skýrslunnar sýna að ríkisstörfum heldur áfram að fjölga og nú um 538 eða 1,9% frá árinu 2023. Flest eru stöðugildi á vegum ríkisins staðsett á höfuðborgarsvæðinu eða 70%. Höfuðborgarsvæðið er jafnframt eini landshlutinn þar sem hlutfall stöðugilda er hærra en hlutfall íbúa, en 64% landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum landshlutum er hlutfall stöðugilda ríkisins minna eða sambærilegt og hlutfall landsmanna er í viðkomandi landshluta.

Sé eingöngu horft á þróunina á Norðurlandi vestra milli áranna 2023 og 2024 þá fækkar ríkisstörfum hér á svæðinu um 10, og erum við annar landshlutinn af tveimur sem sú þróun gerist á þrátt fyrir að störfunum í heild sé að fjölga milli áranna um 538. Því miður er þessi niðurstaða sambærileg og var í skýrslu Bygðastofnunnar frá 2023 en þá var Norðurland vestra eini landshlutinn þar sem ríkisstörfum fækkaði milli áranna 2021 og 2022 eða um samtals 11 stöðugildi meðan fjölgunin á landsvísu var 788 stöðugildi.

Sé horft á þróun í fjölda stöðugilda á vegum ríkisins frá árinu 2015 til 2024 þá er hún einna lægst á Norðurlandi vestra, en á því tímabili fjölgar ríkisstörfum hér um 66 meðan fjölgunin í heild á landinu öllu er um 6.300 stöðugildi. Sé horft á þróunina frá 2020, en síðan þá hefur ríkisstörfum fjölgað um 23 stöðugildi eða 4,4% í landshlutanum meðan fjölgun ríkisstarfa á landinu öllu er tæplega 4.000 eða 11- 42%.

Það má öllum vera ljóst að þessi þróun er ekki góð og hefur stjórn SSNV nú óskað eftir fundi með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar til að ræða þessa þróun og stöðu landshlutans í breiðu samhengi. Við bíðum nú svara við því erindi.

Við höfum líka mikið rætt um samgöngumál og almenningssamgöngur. Varðandi almenningssamgöngurnar þá voru það okkur mikil vonbrigði að Vegagerðin og ríkið skildu skera niður framlög til almenningssamgangna milli Reykjavíkur og Akureyrar um 54% fyrir árið 2026, en

Þessi rútleið hefur nýst fólki hér í landshlutanum vel, hvort sem það þarf til Reykjavíkur eða Akureyrar. Ekki síst eldra fólki. Þessi niðurskurður er gerður án nokkurra mótvægisáðgerða innan landshlutans, en tillaga stjórnar var að byrjað yrði með almenningssamgöngur milli Hvammstanga og Sauðárkróks, en ákall um það hefur verið mjög skýrt frá íbúum á bæði íbúafundum vegna Sóknaráætlunar og vegna Samskiptastefnunnar. Þessum bolta þurfum við því að halda áfram á lofti en ríkið hefur meðal annars bætt í almennings samgöngur á Vesturlandi, Suðurnesjum og á fleiri stöðum meðan hér á að skera niður.

Ég ætla ekki að eyða miklu púðri í að tala um vegakerfið, en það er vægast sagt dapurt að okkar landshluti skuli ekki vera að fá nema 730 milljónir á samgönguáætlun til ársins 2028 meðan aðrir landshlutar fá milljarða eins og Suðurland, Austurland og Norðausturland, en þeir landshlutar fá samtals um 24 milljarða á þessu tímabili. Það liggur hér fyrir þinginu áskorun á Innviðaráðherra að bæta úr þessu í komandi samgönguáætlun en svörin sem hann gaf á opnum fundi á Blönduósi fyrir ekki svo löngu síðan voru að við skyldum bíða eftir nýrri Samgönguáætlun, það væri ennþá hægt að jafna þetta óréttlæti.

Við í stjórninni höfum líka blandað okkur inn í umræðuna um GSM samband í landshlutanum og hvað það þýði fyrir gsm sambandið þegar 2G og 3G loka endanlega um næstu áramót. Fram undan er fundur með fulltrúum Fjarskiptastofu en einnig erum við að skoða hvort við eigum að fá úttekt frá óháðum aðila á því ástandi sem við gætum átt von á og meta það þá út frá fjölda senda í dag af hverri gerð (2G, 3G, 4G og 5G). En hvernig sem það þróast þá hefur okkur allavega tekist að koma þessu máli vel á dagskrá og vekja áhuga fólks á áhyggjum okkar vegna þessara kerfisbreytinga sem fram undan eru og virðast ekki vel undirbúnar af hálfu fjarskiptafélaganna, því þó þau lofi úrbótum þá er orðið alveg ljóst að þjónustan mun skerðast, spurningin er bara, verður það tímabundin skerðing eða varanleg.

Eins höfum við óskað eftir úttekt frá óháðum aðila á stöðu raforkumála í landshlutanum og bíðum við nú þeirrar skýrslu.

Ég gæti talið upp mörg önnur mál sem stjórn hefur fjallað um á liðnum vikum og verið sammála um að væru málefni sem væru mikilvæg fyrir landshlutann allan. Eitt af stærstu málunum fyrir utan innviðina eru samt atvinnumálin og þar getum við spurt okkur hvort við séum að gera nógu vel. Eins og sjá má af fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir 2026 þá höfum við marga tugir milljóna frá ríkinu til verkefna tengd sóknaráætlun og atvinnuþróunar. Stundum spyr ég mig, erum við að nota þessa peninga nægjanlega vel? Og/eða, hverju eru öll þau verkefni sem við styrkjum og/eða vinnum að, að skila okkur í aukinni atvinnu og aukinni verðmætasköpun fyrir svæðið. Erum við t.d. með of mörg Áhersluverkefni í gangi í einu? Ættum við frekar að hafa þau færri og betur skilgreind? Þetta er bara brot af þeim spurningum sem maður getur spurt sig, og þó svarið sé ekki einfalt er nauðsynlegt að spyrja þessara spurninga.

Ég held að við sem sitjum í stjórn SSNV þurfum að taka þetta mál upp og ræða hvernig við metum árangur af því sem verið er að gera og þá einnig hvernig hann sé mældur og skráður. Við höfum nefnilega ár hvert þessa fínu starfsáætlun fyrir komandi ár en höfum kannski of lítið sem segir hvaða verkefnum eða markmiðum var landað á liðnu ári. Þessu þurfum við að breyta og setja okkur skýrari stefnu og markmið, og mæla svo hvort þau náist eða ekki.

Að lokum vil ég bara segja að það er verkefni allra sem búa á Norðurlandi vestra að snúa stöðu landshlutans til betri vegar og fá hér meiri fólksfjölgun og aukin atvinnutækifæri. Þetta verkefni getur ekki einhver ein sveitarstjórn leyst eða hagsmunasamtökin SSNV ein og sér. Við verðum öll sem eitt að vinna að því marki að efla byggðina í landshlutanum.



Og í lokin geri ég það að tillögu minni að þingforseti Haustþings SSNV verði Sigfús Ingi Sigfússon og varaforseti verði Álfhildur Leifsdóttir. Einnig að ritarar verði Berglind Björnsdóttir og Davíð Jóhannsson og að þeirra vararitarar verði Magnús Bardal og Guðlaugur Skúlason. Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefi merki.

Ég þakka þá fyrir og bið þingforseta að taka við stjórninni.

Einar E. Einarsson